

## Alþingi Efnahags- og viðskiptanefnd.

**Efni: Umsögn Endurskoðunar og ráðgjafar ehf um mál 536, lagafrumvarp um breytingu á lögum um ársreikninga nr. 3/2006.**

Endurskoðun og ráðgjöf ehf fagnar framkomnu lagafrumvarpi og þá sérstaklega 2. grein frumvarpsins hvað varðar breytingu á 1.mgr. 98. greinar laganna, a. og b um stærðarmörk á endurskoðunarskyldu félaga.

Ljóst er að stærðarmörk hvað varðar veltu og stærð efnahagsreiknings eins hann er skilgreindur samkvæmt núverandi lögum er verulega fjárhagslega íþyngjandi fyrir töluverðan fjölda félaga.

Undirritaður hefur um árabíl sinnt reikningsskilum og endurskoðunarþjónustu fyrir fjölda lögaðila og hef orðið var við mikla óánægju með umrædd mörk frá viðskiptavinum mínum bæði vegna beins kostnaðar við endurskoðunina og einnig þess tíma sem starfsmenn fyrirtækjanna þurfa að nota í gagnaöflun vegna hennar.

Kostnaður við endurskoðun félags er verulegur. Einnig er ljóst að í einhverjum tilvikum er enginn haghafi að endurskoðunarþjónustunni sem slíkri. Má þar sem dæmi nefna félög sem eru í eigu fárra tengdra hluthafa, lítil skuldsetning við þriðja aðila og um einfaldan rekstur að ræða.

Kostnaður við endurskoðun lítils félags sem fer yfir núverandi mörk er verulegur og það kemur fyrir að eina ástæða þess að endurskoðun á sér stað er að uppfylla kröfur stjórnarsýslunnar með tilheyrandi kostnaði. Um er að ræða stjórnarsýsluskatt fyrir töluverðan fjölda lögaðila sem falla undir þessi skilyrði eins og þau eru skv. núverandi fyrirkomulagi.


Annað sem má nefna í þessu samhengi er að lítil fjölgun hefur orðið í stétt endurskoðenda þrátt fyrir sífellt auknar kröfur og flækjustig í kringum reikningsskil, uppgjör og endurskoðun félaga. Mikið er kvartað undan óbærilegu vinnuálagi innan stéttarinnar og nýliðun gengur treglega. Í því samhengi fagnar undirritaður þessu tímabæra frumvarpi því þarna opnast á þann möguleika á að hægt verði að nota þann mannauð sem er í dag upptekinn í óumbeðinni og stundum óvirðisaukandi vinnu við endurskoðun sem enginn biður um, í það að gera reikningsskil og skattskil félaga enn vandaðri.

# Endurskoðun & ráðgjöf ehf.

Eymundur Sveinn Einarsson  
Löggiltur endurskoðandi

Undirritaður telur að hækkun núverandi marka komi ekki til með að minnka trúverðugleika reikningsskila þeirra félaga sem fara yfir núverandi mörk. Þvert á móti er hægt að nota mannauð, tæki og tól til að endurskoða hjá þeim aðilum sem raunverulega þurfa eða vilja fá endurskoðun á sín reikningskil.

Garðabæ 20. mars 2024



---

Endurskoðun og ráðgjöf ehf  
Eymundur Sveinn Einarsson  
Löggiltur endurskoðandi